



# GLÍMUFÉLAGIÐ ÁRMANN

## STOFNAÐ 15. DESEMBER 1888

Reykjavík, 10. júlí 2019

Menningar-, íþrótt- og tómstundaráð Reykjavíkur

### ***Efni: Styrkumsókn vegna Rafíþróttadeildar Ármanns.***

Ármann er framsækið fjölgreinafélag sem leitast alltaf eftir því að bjóða börnum og ungmennum fjölbreytt og skemmtileg tækifæri til að taka þátt í uppbyggilegu íþróttastarfi.

Ármann hefur fylgst náið með þróun rafíþróttá á Íslandi og sér félagið tækifæri í því að bjóða uppá skipulagt starf fyrir hóp sem í gegnum tíðina hefur ekki boðist aðgangur að skipulögðu starfi í kringum áhugamálið sitt. Með þessu viljum við skapa félagslegt og stuðningsríkt umhverfi fyrir börn, ungmenni og forráðamenn. Það er okkar trú að markvissar æfingar í réttu umhverfi hafi jákvæð áhrif á börn og ungmenni. Iðkendur æfa saman í hópum í eigin persónu og æfa þar samskipti, samvinnu, samkennd, sjálfsaga og fleira, á sama tíma og þeir fá að leggja stund á áhugamálið sitt.

Ármann mun einblína á barna og unglíngastarf fyrst um sinn með það að markmiði að finna bestu mögulegu nálgunina til að skila árangursríku starfi sem hentar öllum áhugamönnum um tölvuleiki og rafíþróttir. Til að aðstoða félagið við uppbyggingu á þessu verkefni hefur félagið hafið náið samstarf með Rafíþróttaskólanum og G-Zero. Boðið verður upp á námskeið með áherslu á Fortnite fyrir 10-12 og 12-14 ára strax í haust en með möguleika á að fjölga námskeiðum og bæta við leikjum á breiðara aldursbili.

Glímufélagið Ármann, Rafíþróttaskólinn og G-Zero hafa gert með sér samstarfssamning um uppbyggingu á Rafíþróttadeild Ármanns. Ármann mun leita í reynda leiðbeinendur hjá Rafíþróttaskólanum við við samningu námsskrár fyrir þjálfara og iðskendur deildarinnar. Þar er byggt á innlendri reynslu og einnig er verið að heimfæra erlendar námskrár og leibeiningar sem reynst hafa vel. Þá verður útbúið kynningarrit fyrir foreldra, þar sem svarað er helstu spurningum sem vakna við spilun tölvuleikja. Þar liggur mikill kostnaður ef vel á að gera. Við höfum metnaðafulla aðila sem koma að verkinu og verður farið af stað með námsáætlun fyrir haustið. Þar sem rafíþróttir eru ný grein og enn nokkuð umdeild þá viljum við leitast við að gera vel í upphafi. Í stað þess að fara af stað með unglíngum sem leiðbeinendur þá verða okkar þjálfara og leiðbeinendur með mikla menntun og reynslu á sviði sem nýtist vel við kennslu og samningu námskeiðsgagna.



## GLÍMUFÉLAGIÐ ÁRMANN

### STOFNAÐ 15. DESEMBER 1888

Aðal leiðbeinendur okkar eru:

**Ólafur Steinarsson** hefur verið viðloðandi leikjasenuna á Íslandi í mörg ár. Hann byrjaði ferilinn sinn innan leikjaiðnaðarins hjá CCP þar sem hann sá um mót og beinar útsendingar ásamt því að eyða frítímanum í að skipuleggja mót viðburði tengda League of Legends. Hann hefur eytt síðustu 4. árum úti á Írlandi að vinna fyrir framleiðendur League of Legends – Riot Games. Eftir að hann kom aftur til Íslands hefur hann varið tíma sínum í uppbyggingu rafíþrótta á Íslandi en hann er einn stofnenda og stjórnarformaður Rafíþróttasambands Íslands og einn af aðstandendum Lenovo deildarinnar á Íslandi.

**Arnar Hólm Einarsson** er aðstoðar forstöðumaður í einni stærstu félagsmiðstöð landsins og er í mastersnámi í tómsunda- og félagsmálafræði.

Arnar er með mikla reynslu af sértæku hópastarfi bæði í sinni núverandi vinnu og sem fyrrverandi starfsmaður úrræðaheimilis fyrir afvegaleidd börn og ungmenni. Arnar hefur lokið námskeiðum hjá rafíþróttsamtökum í Svíþjóð og Danmörku um hvernig eigi að þjálfa rafíþróttalið sem og að undirbúa þjálfara undir rafíþróttþjálfun. Arnar var fyrstur á Íslandi til að koma á laggirnar rafíþróttaklúbba í félagsmiðstöðva starfi. Einnig er hann eigandi af fræðslufyrirtækinu [www.netvera.is](http://www.netvera.is) sem býður foreldrum, börnum, félagsmiðstöðvum, ungmennahúsum og öllum þeim sem hafa áhuga á, að fræðst um jákvæðar hliðar tölvuleikjaspilunar.

**Nalin Chaturvedi** er með Masters gráðu í “Sport policy, management and international development” og hefur fyrri reynslu af sölu og markaðsstarfi innan íþróttahéimsins. Hann hefur einnig verið partur af Ólympíuhreyfingunni og hefur þjálfað börn og unglunga í fótbolta í mörgum mismunandi löndum.

Aðstöðumál Ármanns eru enn og aftur að hamla félagslega þættinum og ekki er möguleiki að koma þessari starfsemi fyrir í núverandi aðstöðu því höfum við gengið til samstarfs við G-Zero, sem er mekka tölvuleikjaspilunnar á landinum. Við munum leigja hjá þeim aðstöðu og tölvubúnað og teljum við að Ármann geti boðið upp á lang bestu aðstöðu og lang fullkomnustu tölvur til æfinga og keppni á landinu. Auðvitað er metnaðarfullt starf kostnaðarsamt og er það vilji Ármanns að gera þetta vel og er því lagt út í þetta samstarf við fagaðila. Það er allra hagur að þetta takist vel og er það nokkuð verk að snúa við þeirri staðalímynd sem nú er af tölvuleikjaspilurum. Með samvinnu þessara þriggja lykilaðila, íþróttafélags, rafíþróttaskólans og spilasalarins teljum við það vera auðsótt og leggjum við áherslu á að skapa jákvæða ímynd.



## GLÍMUFÉLAGIÐ ÁRMANN

### STOFNAÐ 15. DESEMBER 1888

Glímufélagið Ármann óskar eftir hámarksstyrk eða 2.miljóna króna vegna undirbúnings, stofnunar og reksturs Rafíþróttadeildar Ármanns. Þessi styrkur mun hjálpa til við að gera stofnun og rekstur rafíþróttadeildar mögulegan.

Sjá meðfylgjandi kostnaðar áætlun.

***Viðhengi með umsókn:***

***Kostnaðaráætlun***

***Fréttatilkynning***

***Frétt á Vísi***

Virðingafyllst

Jón Þór Ólason

Framkvæmdastjóri Glímufélagsins Ármanns